

## Upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn barna í Sælukoti

Sælukot er opið frá skólalokum og til 17:15. Sælukot er lokað á almennum frídögum en er opið á öðrum skólafrídögum svo sem á starfsdögum kennara, og í páska, jólafrídögum og í vetrarfríinu. Á þessum dögum þarf að skrá börnin sérstaklega og er það auglýst um það bil þremur vikum fyrir fríið. Til að nýta starfsfólkið sem best hafa tómstundaheimilin í Garðabæ stundum samstarf og því gæti starfsemin færst yfir í Flataskóla eða Hofstaðaskóla. Börnunum fylgir þó alltaf starfsmaður frá Sælukoti.

Gjaldskrá tómstundaheimilisins er ákveðin af Garðabæ og er gjaldið innheimt þaðan mánuðinn fyrirfram. Tímaskráning fer fram hjá umsjónamönnum tómstundaheimilanna og þess vegna þarf að tilkynna allar breytingar fyrir 19. hvers mánaðar til að skráningin nái til bæjarins í tíma. Ég hef sett inn útskýringar á tímaútreikningi og gjaldskránni á heimasíðu tómstundaheimilisins.

Merkt er við börnin þegar þau koma úr skólanum og þegar þau fara heim. Ef að börnin skila sér ekki úr skólanum er farið að grennslast fyrir um þau. Ef þau finnast ekki er hringt í forráðamenn og þau látin vita. Mjög mikilvægt er að þið látið skrifstofu skólans eða mig vita ef börnin koma ekki í tómstundaheimilið þar sem það getur verið mjög tímafrekt að leita upplýsinga og hringja út.

Haustið 2006 var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á snarl í Sælukoti. Í boði er 2-4 tegundir af ávöxtum og grænmeti og smurt brauð. Þar að auki eru Sælukotsbúar mjög duglegir við að baka og nýtur hópurinn góðs af því. Fyrsta árið útbjuggu börnin matinn fyrir hvort annað en í ár gerum við tilraun með að láta börnin smyrja sér sjálf í litlum hópum. Gjaldi fyrir matinn er haldið í lágmarki og leitast er við að hafa matinn hollan og góðan.

Í Sælukoti skiptir mestu máli að öllum líði vel. Flesta daga geta börnin valið sér svæði og verið í frjálsum leik eða tekið þátt í skipulögðu verkefni. Það kemur þó fyrir að við höfum útidag eða ákveðin skylduverkefni. Við leggjum mikið upp úr því að kynnast börnunum sem best því það gefur okkur meiri möguleika á að skilja hegðun og viðbrögð þeirra. Þess vegna teljum við það mikilvægt að þið talið við starfsfólk Sælukots ef að eitthvað gerist í lífi barnanna sem að gott væri fyrir okkur að vita. Því betur sem við þekkjum ykkur og börnin ykkar því auðveldara er fyrir okkur að veita ykkur sem besta þjónustu ☺

Ég mun reyna að senda ykkur reglulegar fréttir af starfseminni og helstu upplýsingar munu vera settar á heimasíðu tómstundaheimilisins: <http://www.sjalandsskoli.is/tomstundaheimili.htm>. Sælukotssíminn er 590 3113 og er best að hringja í hann ef að þið viljið ná sambandi við okkur eftir 14. Fram að því er hægt að hringja í Soffíu ritara skólans í 590 3100. Eins er hvenær sem er hægt að hringja í gemsann minn 893 6669 eða senda mér tölvupóst – [perla@sjalandsskoli.is](mailto:perla@sjalandsskoli.is)

Hlakka til að fá að njóta samvista við börnin ykkar í vetur!

Margrét **Perla** Kolka Leifsdóttir  
Umsjónamaður tómstundaheimilis Sjálandsskóla  
og Kóngurinn í Sælukoti :D